

Fimmtudaginn 19. janúar 1995.

Nr. 38/1992.

Húsasmiðjan hf.

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

dánarbúi Ingolfs Frylund Jensen

Lausafjárkaup. Riftun. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 24. janúar 1992. Hann krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá er þess krafist, að staðfest verði riftun áfrýjanda á kaupum hans á 5450 m² af parketi og stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda 511.493 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. desember 1989 til greiðsludags. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefnandi málsins í héraði, Ingolf Frylund Jensen, lést 12. mars 1993. Samkvæmt bréfi lögmanns hans til Hæstaréttar 5. janúar 1995 sætir dánarbúið nú skiptum sem skuldafrágöngubú. Af þess hálfu hefur málið ekki verið flutt munnlega hér fyrir dómi.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Í símbréfi áfrýjanda til Ingolfs Frylund Jensen 23. nóvember 1989, sem ritað var í sama mánuði og hin umdeilda vörusending barst til landsins, kemur ótvírætt fram, að áfrýjandi hafnar því að veita vörunni viðtöku, þar sem gæði hennar og magn séu ekki eins og um hafi verið samið. Þar eru settar fram tvær tillögur um það, hvernig með skuli fara. Samkvæmt þeim skal vörunni annaðhvort skilað tafarlaust eða til kvaddur hlutlaus aðili frá Lloyds tryggingafélaginu og áfrýjandi greiða fyrir þann hluta vörunnar, sem telst gott og söluhæft parket. Ingolf Frylund Jensen vildi á hvorugan kostinn fallast. Stóð í bréfaskiptum og viðræðum

milli aðila mánuðum saman, þar sem áfrýjandi áréttaði áskilnað sinn um vanefndaúrræði nokkrum sinnum, en hann sendi að lokum formlega riftunaryfirlýsingu 2. júlí 1990. Verður ekki talið, að hann hafi glatað rétti sínum til þess samkvæmt 2. mgr. 52. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, þar sem riftun lá efnislega fyrir 23. nóvember 1989.

Staða Péturs Vigfússonar í viðskiptum áfrýjanda og Ingolfs Frylund Jensen er óljós. Samkvæmt skriflegri yfirlýsingu hans sjálfs 30. janúar 1990, sem hann staðfesti fyrir héraðsdómi, kom hann á sambandi milli aðilanna. Hann hlutaðist til um, að áfrýjandi fékk í hendur ógölluð sýnishorn af parketi frá Ingolf Frylund Jensen. Þegar áfrýjandi staðfesti pöntun sína 19. október 1989, gerði hann skýran áskilnað um, að hann gæti eingöngu keypt „a normal good quality parkett“, og er það í fram lagðri þýðingu löggilts skjalabýðanda skilgreint sem „venjulegt gæðaparkett“. Áfrýjandi kvaðst því verða „að skilja undan alla gallaða framleiðslu og annars flokks vöru“. Hann sagði og í staðfestingu sinni, að Pétur Vigfússon myndi skoða parketið, áður en það yrði sent til sín. Áfrýjandi hefur gefið þá skýringu á ósk sinni um skoðun Péturs Vigfússonar, að hún hafi átt að vera til áréttingar og tryggingar þess, að parketið væri fyrsta flokks og í samræmi við þau sýnishorn, sem send höfðu verið. Er ekkert fram komið, sem hnekkir hefur þessari skýringu. Pétur Vigfússon lýsti því fyrir héraðsdómi, að hann hefði verið í eina til tvær klukkustundir að skoða parketið og einungis litið í sjö til átta pakka. Það væri því ekki rétt, sem segir í bréfi frá Ingolf Frylund Jensen til áfrýjanda 28. október 1989 og Pétur staðfesti með undirskrift sinni: „Alt er bleivet optalt, gennemset og godkendt af Pétur Vigfússon . . .“ Hann hafi séð, þegar vörunni var pakkað, og það hafi verið það eina, sem hann hafi verið að staðfesta þarna og með áritun sinni á meðfylgjandi reikning undir orðin „beset og godkendt“. Miða verður við, að Ingolf Frylund Jensen hafi verið fullkunnugt um, hversu ófullkomin skoðun Péturs Vigfússonar var.

Í framhaldi riftunaryfirlýsingar áfrýjanda voru dómkvaddir tveir matsmenn til að skoða og meta hina umræddu vörusendingu. Í matsgerð þeirra 16. nóvember 1990 segir, að fram hafi verið lögð sýnishorn af parketi, sem pöntun til Ingolfs Frylund Jensen var byggð á, og lagt hafi verið fyrir matsmennina að meta parketið með

tilliti til orðalags í framangreindu símbréfi áfrýjanda 19. október 1989. Verður að telja þessar forsendur matsins eðlilegar, eins og á stóð. Þá kemur fram í matsgerðinni, að sendingin hafi verið „ákaflega ruglingsleg og ægir þar saman ólíkum viðartegundum og gerðum á hverju bretti“. Sendingunni var pakkað í 783 pappakassa, en ópakkaður hluti hennar, um 1880 m², var á 14 flutningsbrettum. Heildarmagn sendingarinnar reyndist vera um 5.500 m², en Ingolf Frylund Jensen kvaðst í bréfi sínu til áfrýjanda 28. október 1989 hafa sent honum 5.450 m², en auk þess um það bil 700 m² af „diverse varepröver“ til öryggis og viðbótar, og væri gjalds ekki krafist fyrir það. Það var niðurstaða hinna dómkvöddu matsmanna, að í þessari sendingu væri „engan veginn um söluhæfa vöru að ræða“, og „útilokað er að fella sendinguna í nokkurn gæðaflokk“.

Eftir uppsögu héraðsdóms óskaði áfrýjandi þess með vísun til 143. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, að matsmálið yrði endurupptekið og lagt fyrir matsmenn að meta að nýju þau atriði, sem greindi í upphaflegri matsbeiðni. Við fyrir-töku málsins 4. maí 1992 var svo bókað í þingbók, eftir að lögmaður stefnda hafði mótmælt endurupptöku: „Lögmaður matsbeiðanda telur að matsmenn hafi gengið út frá einhverjum sérstökum sölu-forsendum og vera kunni, þrátt fyrir svör þeirra í matsgerð, að parketið hafi fjárhagslegt gildi í því ástandi sem það er. Þess vegna er þess óskað, að þeir svari á ný miðað við það, hvort um slíkt fjár-hagslegt gildi sé að ræða. . . . Matsmenn telja að svarið komi fram í matsgerð þeirra og telja þeir verðgildið sem parket ekkert. Hafa þeir engu við það að bæta.“ Að fenginni þessari afstöðu matsmanna féll áfrýjandi frá beiðni sinni. Stefndi hefur ekki gert reka að því að hnekkja matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna.

Pegar allt þetta er virt, verður hvorki talið, að Pétur Vigfússon hafi haft umboð til þess að binda áfrýjanda við kaup á þeirri vöru, sem send var, né að Ingolf Frylund Jensen hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla, að svo væri. Þótt um kaup á miklu magni á lágu verði hafi verið að ræða, sem áfrýjandi gat ef til vill búist við ein-hverjum afföllum af, er ljóst, að vörusendingin fullnægði með engu móti þeim áskilnaði áfrýjanda um gæði, sem gerður var í símbréfi hans 19. október 1989. Verður ekki talið, að hið lága verð vörunnar eða viðvörun frá framleiðanda, Dan-Parket A/S, í símbréfi til áfrýj-

anda 13. október 1989 hafi leyst Ingolf Frylund Jensen undan þeirri skyldu að senda áfrýjanda vöru, sem væri að minnsta kosti í meginatriðum í samræmi við áskilnað hans um gæði. Áfrýjanda var því heimilt að rifta kaupunum samkvæmt 1. mgr. 43. gr. laga nr. 39/1922, sbr. og 53. gr. laganna. Ber þannig að taka dómkröfur hans til greina, þar á meðal kröfu um útlagðan flutningskostnað, sem hefur ekki sætt andmælum tölulega.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans er höfð hliðsjón af kostnaði við matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna. Þá er og litið til þess, að af hálfu áfrýjanda var ekki nóg samlega frá því gengið, hvers eðlis erindrekstur Péturs Vigfússonar fyrir hann átti að vera, þegar vöru-sendingin var úr garði gerð í Danmörku.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Húsasmiðjan hf., á að vera sýkn af öllum kröfum stefnda, dánarbús Ingolfs Frylund Jensen.

Rift er kaupum áfrýjanda 19. október 1989 á 5450 m² af parketi frá Ingolf Frylund Jensen.

Stefndi skal greiða áfrýjanda 511.493 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. desember 1989 til greiðsludags.

Stefndi skal greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, að fjárhæð samtals 900.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. desember 1991.

Aðalsök í máli þessu, sem dómtekið var 7. nóvember sl., er höfðuð með framlagningu skjala í dómi 19. júní 1990.

Stefndi í aðalsök höfðuði gagnsakarmál á hendur stefnanda með framlagningu skjala í dómi 4. desember 1990.

Stefnandi í aðalsök og stefndi í gagnsök er Ingolf Frylund Jensen, Højgåardsvej 18, 7100, Danmörku.

Stefndi í aðalsök og stefnandi í gagnsök er Húsasmiðjan hf., kt. 071255-4099, Súðarvogi 1-5, Reykjavík.

Dómkröfur Ingolfs Frylund Jensen eru þær, að Húsasmiðjan hf. verði dæmd til að greiða honum 600.000 danskar krónur með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur Húsasmiðjunnar hf. í aðalsök voru þær aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi, en með úrskurði, upp kveðnum 12. september sl., var þeirri kröfu hafnað.

Þá var gerð krafa um sýknu á grundvelli aðildarskorts í greinargerð stefnda í aðalsök, en í þinghaldi 2. júlí sl. var fallið frá þeirri kröfu.

Dómkröfur eru þær nú, að Húsasmiðjan hf. verði sýknuð af öllum kröfum Ingolfs Frylund Jensen og að hann verði dæmdur til að greiða fyrirtækinu málskostnað [...].

Í gagnsök gerir Húsasmiðjan hf. þessar kröfur:

1) Að staðfest verði riftun gagnstefnanda á kaupum á 5450 m² af parketi frá gagnstefnda.

2) Að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða gagnstefnanda 511.493 krónur vegna flutningsgjalds o. fl. auk dráttarvaxta skv. 10. gr. vaxtalaga frá 8. desember 1989 til greiðsludags.

Dómkröfur Ingolfs Frylund Jensen í gagnsök eru þær, að gagnstefndi verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum Húsasmiðjunnar hf.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmennafélags Íslands.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Aðalstefnandi, Ingolf Frylund Jensen, rekur sem einkafirma verslun með byggingarefni, verktakastarfsemi og inn- og útflutning þessu tengdan frá starfsstöð sinni í Vejle á Jótlandi.

Í október 1989 samdi hann við aðalstefnda, Húsasmiðjuna hf., um kaup á 750 m² af parketi fyrir 130 danskar krónur á fermetra, sem var um það bil 50 dönskum krónum lægra en framleiðandi þessa parkets, Dan Parket A/S, bauð parket til sölu á. Hafði stefnandi fengið parket þetta frá Dan Parket A/S. Dan Parket A/S sendi Húsasmiðjunni hf. bréfskeyti 13. október 1989, þar sem bent er á, að pantanir þær, sem Húsasmiðjan hf. hafði gert til Ingolfs Frylund Jensen, væru um svonefndar B-vörur og e. t. v. einnig C-vörur, sem Dan-Parket A/S hefði selt til Ingolfs án umbúða og án þess að Ingolf héldi rétti sínum til að bera fyrir sig hugsanlega galla.

Með bréfskeyti frá 19. október 1989 samþykkti Húsasmiðjan hf. áður gert tilboð Ingolfs um sölu á um 5450 m² af parketi frá Dan Parket A/S, og var kaupverðið 110 danskar krónur fyrir hvern fermetra. Í bréfskeyti þessu, sem er á ensku, segir m. a. í þýðingu löggilts skjalabýðanda: „Við getum ein-

göngu keypt venjulegt gæðaparkett, og því verður að skilja undan alla gallaða framleiðslu og annars flokks vöru. Pétur Vigfússon skoðar parketið áður en það er sent til okkar.“

Greiddslukjör skyldu vera með vixli til 90 daga gegn afhendingu farm-skjala.

Parketið var sett á vörubretti 28. október 1989 og því pakkað fyrir sendingu, og staðhæfir Ingolf Frylund Jensen, að það hafi verið eftir skoðun Péturs Vigfússonar, sem hafi samþykkt hið selda, eins og fram komi á bréfi Ingolfs til Húsasmiðjunnar, dagsettu 28. október 1989, en þar segir, að Ingolf hafi pakkað og sent alls 5450 m² af parketi á 110 krónur m² ásamt 2 stigum á 500 danskar krónur hvorn. Síðan segir: „Alt er bleivet optalt, gennemsæt og godkendt af Pétur Vigfússon, som det er aftalt iflg. kontrakt via telefax d. 19. 10. 1989. Alt er eftir godkendelse pakket i plastik-Atlantehavspakning og afsendt som aftalt.“

Yderlige medfølger ca. 700 m² samt diverse vareprøver som en ekstra sikkerhed og som supplement. Dette medsendes vederlagsfrit. ...“

Undir bréf þetta ritar Ingolf Jensen, og enn fremur er nafnritun Péturs Vigfússonar á bréfinu.

Farmur þessi fór frá Árósum 1. nóvember 1989 og var skipað upp í Reykjavík fyrri hluta nóvembermánaðar.

Parketið var selt fob-Árósar, og telur talsmaður Ingolfs Frylund Jensen, að þá hafi varan verið afhent.

Eftir að sendingin kom til landsins, greiddi Húsasmiðjan hf. flutningskostnað, að fjárhæð 511.493 krónur. Af hálfu Húsasmiðjunnar er því haldið fram, að er sendingin kom til landsins, hafi komið í ljós, að allt það parket, sem skoðað var, hafi verið stórlega gallað.

Með yfirlýsingu, dagsettri 2. júlí 1990, rifti Húsasmiðjan hf. samningi aðila. Húsasmiðjan hf. óskaði eftir dómkvaðningu matsmanna til þess að meta parketið, og er matsgerð þeirra dagsett 16. nóvember 1990 og liggur frammi í málinu.

Að hálfu Ingolfs Frylund Jensen er staðhæft, að hið selda sé svo farið sem samningur aðila stóð til, og hafi Pétur Vigfússon staðfest þetta með sérstakri yfirlýsingu. Af hálfu Ingolfs Frylund Jensen er á það bent, að þegar aðilar gerðu samninginn, hafi legið fyrir, hvert væri verð á parketi frá Dan Parket A/S, framleiðanda vöru þeirrar, sem seld var, þ. e. 180–240 danskar krónur fyrir fermetrann, en sending sú, er Húsasmiðjan hf. fékk, hafi verið seld á 110 danskar krónur fermetrinn. Þá hafi kaupandi vitað, að parket það, sem Ingolf Frylund Jensen hafði til sölu, var ekki gæðaparket, enda hafði Dan Parket A/S tilkynnt honum, hvaða vörur þeir hefðu selt

Ingolf Frylund Jensen. Forsvarsmaður Húsasmiðjunnar, sem hafi yfir 20 ára reynslu í viðskiptum, geti ekki borið fyrir sig, að hann hafi verið að kaupa fyrsta flokks parket, eins og hér hátti til.

Því er haldið fram, að í kaupum aðila verði að líta til svokallaðs sérstaks þáttar gallahugtaksins, en ekki almenns þáttar. Telur Ingolf Frylund Jensen, að við matsgerð þá, sem gerð var að tilhlutan Húsasmiðjunnar, verði ekki miðað, þar sem matsmenn hafi byggt á almennu gallahugtaki um forsendur fyrir niðurstöðu sinni.

Þá er því haldið fram, verði það niðurstaðan, að galli hafi verið á hinu selda, að Pétur Vigfússon hafi verið umboðsmaður Húsasmiðjunnar hf., og leiði ákvæði 47. gr. kaupalaga til þess, að Húsasmiðjan geti ekki borið fyrir sig gallana, þar sem Jón Snorrason, forstjóri Húsasmiðjunnar, hafi beðið Pétur að skoða, og hafi hann farið út fyrir heimild sína við skoðunina eða rækslu umboðsstarfans yfirleitt, verði Húsasmiðjan að eiga um það við Pétur, en ekki Ingolf Frylund Jensen.

Þá er á það bent, að þar sem hér sé um verslunarkaup að ræða, verði að gera ríkar kröfur um tilkynningar, og er því haldið fram, að Húsasmiðjan hf. hafi vanrækt að tilkynna um gallana í tíma og enn fremur hafa ekki tilkynnt um, til hvaða vanefndaúrræða hún hygðist grípa, fyrr en allt of seint eða eftir að mál þetta hafði verið höfðað.

Þá er því sérstaklega mótmælt, að seljandi hafi haft svik í frammi í kaupum þessum.

Um málskostnaðarkröfu er það sérstaklega áréttað, að vegna frávísunarþáttar málsins beri að dæma Ingolf Frylund Jensen álag á málskostnað, þar sem frávísunarkrafan hafi verið að ófyrirsynju.

Húsasmiðjan hf. styður sýknukröfu sína þeim rökum, að henni hafi verið rétt að rifta kaupum um hið selda með vísan til 43. gr. laga nr. 39/1922, þar sem greiðsla Ingólfs Frylund Jensen hafi verið gölluð, þ. e. ekki í samræmi við það, sem samið var um, hvorki að magni né gæðum. Telur Húsasmiðjan hf., að stefnanda hafi verið fullkunnugt um, að sendingin svaraði ekki til pöntunar stefnda, og sé því um svik af hans hálfu að ræða. Stefndi telur sannað með matsgerð, dagsettri 16. nóvember 1990, sem frammi liggur í málinu, að um algjörlega ósöluhæfa vöru sé að ræða og stefnanda verið fullkunnugt um það.

Í þessu sambandi er því mótmælt sérstaklega, að stefndi hafi vitað, að stefnandi væri einungis að selja 2. flokk og úrkast. Stefnandi hafi staðhæft við stefnda, að um 1. flokks vöru væri að ræða, enda hafi pöntunin borið með sér, að það var forsenda stefndu við kaupin og sérstaklega tekið fram, að 2. flokkur og úrkast væri undanskilið. Er því mótmælt, að hið selda hafi

verið í samræmi við það, sem um var samið, og því, að verðlagning hins selda hafi bent til, að varan væri óseljanleg hér á landi, eins og sannað hafi verið með matsgerð.

Þá er því sérstaklega mótmælt, að stefnandi hafi átt nokkurn rétt á að senda 700 m² aukalega af úrgangsparketi, eins og stefnandi haldi fram, enda hafi verið sannað, að heildarmagnið af því parketi, sem stefnandi sendi, var ekki umfram það, sem pantað var, nema sem svaraði 50 m².

Þá mótmælir stefndi því, að Pétur Vigfússon hafi verið umboðsmaður sinn við skoðun hans á hinu selda og að hann hafi á einhvern hátt getað bundið stefnda með orðum eða athöfnum. Pétur hafi verið í starfstengslum við stefnanda, svo sem sjá megi af yfirlýsingu hans frá 30. janúar 1990, sem frammi liggur í málinu. Telur stefndi, að Pétur hafi verið í vitorði með stefnanda.

Enn er því mótmælt, að stefndi hafi haldið að sér höndum við að koma fram vanefndaúrræðum. Skjöl málsins beri með sér, að hann hafi skýrt stefnanda þegar í stað frá því, að hann ætlaði að bera það fyrir sig, að hið selda væri gallað. Því er mótmælt, að tómlætisverkanir komi til álit, ekki síst þegar litið sé til þess, að stefnandi hafi beitt svikum í þessum viðskiptum, sbr. 53. gr. kaupalaga.

Loks mótmælir stefndi því, að hann hafi ekki gert neitt, sem miðaði að því að sanna staðhæfingar sínar um galla. Skjöl málsins beri það með sér, að stefndi hafi leitað ýmissa ráða og reynt í lengstu lög að hafa samráð við stefnanda, en án árangurs.

Komist rétturinn að þeirri niðurstöðu, að skilyrði riftunar komi ekki til greina, er farið fram á afslátt að tiltölu. Telur stefndi, að sá afsláttur eigi að leiða til algjörar sýknu, þar sem sannað sé, að um ósöluhæfa vöru hafi verið að ræða.

Í gagnsök bendir gagnstefnandi á eftirfarandi til stuðnings því, að um svik hafi verið að ræða:

Gagnstefndi hafi sannfært gagnstefnanda um, að viðvörunarskeytið frá Dan Parket væri áróðursbragð af þeirra hálfu og ekki mark á því takandi. Það hafi ekki reynst rétt.

Gagnstefndi hafi sent gagnstefnanda samansafn af hinum ýmsu viðartegundum, þrátt fyrir það að þrjár tegundir hafi verið pantaðar.

Gagnstefndi kvaðst hafa sent 700 m² af gölluðu parketi aukalega til verndar aðalsendingunni. Þetta hafi ekki reynst rétt. 1880 m² hafi verið ópakkað parket og á engan hátt pakkað samkvæmt reglum um Atlantshafsflutninga. Hinn hluti parketsins hafi verið í góðum umbúðum, en innihaldið hafi allt verið stórlega gallað.

Gagnstefndi hafi aldrei tekið í mál að fá óvilhalla aðila til að skoða parketið.

Telur gagnstefnandi, að öll þessi atriði styðji þá staðhæfingu sína, að hann hafi verið beittur svikum í kaupum þessum. Krefst gagnstefnandi því þess, að staðfest verði riftun sín á kaupunum, og ber fyrir sig ákvæði 43. gr. kaupalaga. Þá telur hann, að dæma beri gagnstefnda til að greiða flutningskostnað og annan kostnað, sem gagnstefnandi hafi þurft að greiða, og sé það hæfilegt endurgjald fyrir það tjón, sem hann hafi orðið fyrir, þar sem gagnstefndi hafi stórlega vanefnt kaupsamning aðila.

Að hálfu gagnstefnda er staðhæft, að ekki hafi verið heimild til riftunar, og beri gagnstefnanda því að greiða bæði kaupverð og annan kostnað, sem af kaupunum leiði, eftir afhendingu, enda hafi samningar ekki staðið til, að gagnstefndi bæri flutningskostnað þennan. Sýknukrafa í gagnsök byggist á málsástæðum og lagarökum, sem fram koma í aðalsök.

Forsendur og niðurstaða.

Pegar forsvarsmaður Húsasmiðjunnar hf. samþykkti tilboð Ingólfs Frylund Jensen um sölu á parketi með bréfskeyti 28. október 1989, tilkynnti hann, að Pétur Vigfússon myndi skoða parketið, áður en það yrði sent. Var Ingolf Frylund Jensen rétt að líta svo á, að Pétur hefði umboð til að taka við vörunni eða hafna henni

Fram er komið í málinu, að Húsasmiðjunni hafði verið sagt frá því, að vara sú, er Ingolf Frylund Jensen var að selja, væri misjöfn að gæðum og að verð sendingar þeirrar, er Pétur skoðaði, var að miklum mun lægra en framleiðandinn, Dan Parket, bauð vöru á, allt frá 70 til 140 dönskum krónum eftir gæðum. Pétur Vigfússon lýsti því í skýrslu sinni hér fyrir dómi, að parketið hefði verið í samræmi við samkomulag aðila, er hann skoðaði það, og við skoðunina áritaði hann yfirlýsingu um, að svo væri. Vegna þessara viðbragða umboðsmanns Húsasmiðjunnar hf. verður því við það að miða, að Ingolf Frylund Jensen hafi mátt ætla, að Húsasmiðjan hf. gerði sér ljóst, að hún var að kaupa parket, sem ekki félli allt í fyrsta flokk, og enda þótt sendingin hafi verið lakari en forsvarsmenn Húsasmiðjunnar hf. ætluðu, verður ekki fallist á það með talsmanni hennar, að seljandi hafi beitt svikum í kaupunum, þvert á móti verður að telja, að Ingolf Frylund Jensen hafi verið vítalaut að senda Húsasmiðjunni hf. umrætt parket eftir skoðun umboðsmanns hennar, Péturs Vigfússonar.

Samkvæmt skoðunargerð hinna dómkvöddu mats- og skoðunarmanna, sem gerð var í vöruskemmu Eimskips hf., voru í sendingunni frá Ingolf Frylund Jensen 1.880 fermetrar af ópökkuðu parketi á brettum og 3.570 fermetrar í pökkum. Heildarmagn sendingar er um 5.500 fermetrar.

Hér ber mjög á milli frá því, sem greinir í bréfi Ingolfs Frylund Jensen frá 28. október 1989 og að framan er rakið, en þar segir, að Húsasmiðjunni hf. hafi verið sendir 700 fermetrar af afgangsparketi á brettum og 5.450 fermetrum verið pakkað í „plastik-Atlantehavspakning“. Þannig er upplýst, að sendingin svaraði ekki til pöntunar Húsasmiðjunnar frá 19. október 1989 né lýsingar sendanda á henni. Ekkert er fram komið í málinu, sem bendir til, að hluti sendingar hafi misfarist.

Þá segir í sömu matsgerð, að parket það, sem í sendingunni var, sé ekki söluhæft hér á landi, og einnig, að verulegir gallar hafi verið á því. Um þetta atriði verður að líta til þess, að matsmenn mátu sendinguna með hliðsjón af því, hvort á hinu selda væri almennir gallar, og lögðu til grundvallar gallahugtak, sem ekki er fallist á, að eigi við hér, bæði vegna verðs sendingarinnar og upplýsinga þeirra, sem kaupandi hafði fengið um vöruna frá framleiðanda hennar í bréfskeyti frá 13. október 1989. Allt að einu þykir verða að fallast á það með Húsasmiðjunni hf., að á vörunni hafi verið nokkrir gallar. Þá lítur dómurinn svo á, að vegna stærðar sendingarinnar og ásigkomulags og þess, að Pétur Vigfússon var ekki nema 1–2 tíma að skoða sendinguna, geti Ingolf Frylund Jensen ekki ætlast til, að ákvæði 52. gr. kaupalaga leiði til þess, að Húsasmiðjan hf. hafi ekki getað borið fyrir sig, að hinu selda hafi verið áfátt. Hins vegar verður ekki fallist á riftunarkröfu Húsasmiðjunnar hf., þar sem tilkynning um riftun var ekki send Ingolf Frylund Jensen fyrr en um 8 mánuðum eftir, að sendingin barst hingað, og var það of seint, sbr. 2. mgr. 52. gr. kaupalaga.

Um kröfu Húsasmiðjunnar hf. um afslátt er það að segja, að af matsgerð má ráða, að í einhverjum tilvikum hafi hlutar sendingarinnar verið nothæfir, og eins og hér stendur á, ber að líta til þess, að ekki verður miðað við það gallahugtak, sem matsmenn leggja til grundvallar mati sínu. Verður við það að miða, að meiri hluti sendingarinnar hafi getað nýst Húsasmiðjunni hf. en matsmenn gera ráð fyrir. Er þannig ekki upplýst, að hve miklu leyti Húsasmiðjan gat nýtt sér hluta sendingarinnar. Vegna þessa þykir krafan um afslátt vera vanreifuð, og verður henni því hafnað.

Samkvæmt því, sem hér að framan hefur verið rakið, verða kröfur stefnanda í aðalsök, Ingolfs Frylund Jensen, teknar til greina.

Í gagnsök verður gagnstefndi sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma Húsasmiðjuna hf. til að greiða Ingolf Frylund Jensen 950.000 krónur í málskostnað, og hefur þá verið tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna.

D ó m s o r ð:

Stefndi í aðalsök, Húsasmiðjan hf., greiði aðalstefnanda, Ingolf Frylund Jensen, 600.000 danskar krónur með 18,9% dráttarvöxtum á ári frá 6. febrúar 1990 til 28. febrúar s. á., með 19,1% dráttarvöxtum á ári frá 1. mars 1990 til 31. mars s. á., með 19% dráttarvöxtum á ári frá 1. apríl 1990 til 30. apríl s. á., með 18% dráttarvöxtum á ári frá 1. maí 1990 til þingfestingardags, 19. júní s. á., en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök skal gagnstefndi, Ingolf Frylund Jensen, sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda, Húsasmiðjunnar hf.

Húsasmiðjan hf. greiði Ingolf Frylund Jensen 950.000 krónur í málskostnað í aðalsök og gagnsök, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga, frá því að 15 dagar eru liðnir frá dómsuppsögu.
